

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *19. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 28. apríl 2011, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð skólanefndar dags. 7. mars.
3. Fundargerð skipulags og umhverfisnefndar dags. 19. apríl.
4. Erindi frá nefndarsviði alþingis, ósk um umsögn um frumvarp til laga um orlof, mál 661.
5. Erindi frá nefndarsviði alþingis, ósk um umsögn um frumvarp til laga um vatnalög og rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, mál 720.
6. Erindi frá nefndarsviði alþingis, ósk um umsögn til sveitarstjórnarlaga, mál 726.
7. Erindi frá Þórhalli Kristjánssyni.
8. Trúnaðarmál.

Til kynningar.

Bréf frá Framsýn stéttarfélagi, athugasemdir vegna breytinga á reglugerð um dómpinghár og þingstaði, nr. 395 29. júní 1998.

Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga dags. 12. apríl.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Friðrik K. Jakobsson, Jóhanna Njáladóttir.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 7 og 8 yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð skólanefndar dags. 7. mars.

Í a og b lið annars liðar fundargerðarinnar er tekið fyrir skóladagatal næsta skólaárs. Gert er ráð fyrir sama kennslutímamagni og í fyrra. Þ.e. 175 kennslustundum, þá er einnig farið yfir röðun í námshópa næsta ár. Í c lið er farið yfir starfsmannamál. Skólastjóri sagði frá því að tveir kennarar hyggist láta af störfum þau Guðný Jónsdóttir og Bjarni Páll Vilhjálmsson, ráða þarf í staðin fyrir þau. Í d lið kemur fram að 25 nemendur muni þurfa skólaakstur næsta skólaár. Þ.e. 18 börn sunnan vatns og 7 börn norðan vatns og leggur skólastjóri til að skólaakstur verði með svipuðu sniðu og undanfarin ár þ.e. tvo daga ein heimferð og þrjá daga tvær heimferðir. Þá lagði skólastjóri fram áætlun um fjölda nemenda og skólaakstur nokkur ár fram í tímann. Fram kemur í fundargerðinni að nokkrar umræður hafi orðið um nýtingu fyrri heimferðar með skólabíl og hvort ekki væri rétt að fella hana niður og koma frekar til móts við nemendur með lengdri viðveru. Í e lið óskar Skólanefnd eftir því við sveitarstjórn að fyrir næsta vetur verði kannaður möguleiki á lengdri viðveru nemenda 1-7 bekkjar fram að heimferð skólabíls kl. 15:10. Í þriðja lið fundargerðarinnar kemur fram að Skólanefnd telji að lítil svör hafi komið frá sveitarstjórn við tillögum nefndarinnar í húsnæðismálum leikskólans. Í liðnum önnur mál er rætt um skil á fundargerðum Skólanefndar, þær þurfa að berst þannig að hægt sé að taka þær fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar eftir Skólanefndarfund. Þá kemur fram að fundarritari óskar eftir lausn og engin Skólanefndarmanna treysti sér í starfið. Nefndin óskar eftir því við sveitarstjórn að fenginn verði sérstakur fundarritari inn á Skólanefndarfundi.

Sveitarstjórn samþykkir a, b, og c lið annars liðar fundargerðarinnar og felur skólastjóra að auglýsa eftir kennara/kennurum. Sveitarstjórn frestar að afgreiða d lið, annars liðar. Varðandi e lið, þar sem Skólanefnd óskar eftir að sveitarstjórn kanni möguleika fyrir næsta vetur á lengdri viðveru nemenda 1-7 bekkjar fram að heimferð skólabíls kl. 15:10. Sveitarstjórn telur að það sé hlutverk skólanefndar að standa fyrir slíkri könnun meðal foreldra skólabarna. Varðandi þriðja lið fundargerðarinnar þá hefur því verið svarað. Varðandi fimmta lið fundargerðarinnar um að ráða þurfi sérstakan fundarritara þá telur sveitarstjórn að það sé komið í góðan farveg. Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

3. Fundargerð skipulags og umhverfisnefndar dags. 19. apríl.

Í þriðja lið fundargerðarinnar kemur fram að til fundarins hafi mætt Gaukur Hjartarson, byggingafulltrúi og farið yfir til hvaða úrræða hægt er að grípa til að eigendur húsnæðis í niðurníðslu færi mál til betri vegar. Nefndin hvetur sveitarstjórn til hófsamra aðgerða gagnvart eigendum vanhvirtra bygginga. Í fjórða lið fundargerðarinnar er lagt til að haldinn verði opinn fundur um flokkun sorps og sorphirðu í annarri viku af maí. Í fimmta lið beinir Skipulags

og umhverfisnefnd því til sveitarstjórnar að Mývatnsstofu verði falið að kortleggja hvernig almenningssamgöngum við Mývatnssveit verði best fyrir komið. Í sjöunda lið er tekið fyrir til umsagnar erindi frá Jóhanni Friðriki Kristjánssyni þar sem hann óskar eftir breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þess efnis að Sandatúnnum verði breytt í verslunar og þjónustusvæði

Sveitarstjórn samþykkir þriðja lið fundargerðarinnar og hyggst senda ábendingu inn á hvert heimili þar sem hvatt er til bættrar umgengni.

Sveitarstjórn samþykkir sjöunda lið fundargerðarinnar. Varðandi áttunda liðinn þá vísar sveitarstjórn því til næstu fjárhagsáætlunargerðar. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu níunda liðar fundargerðarinnar. Undir þann lið vantar umfjöllun um kynningu sem fram fór á fundinum um ósk um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps vestan Jarðbaðshóla. Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

4. Erindi frá nefndarsviði alþingis, ósk um umsögn um frumvarp til laga um orlof, mál 661.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hyggst ekki veita umsögn um málið.

5. Erindi frá nefndarsviði alþingis, ósk um umsögn um frumvarp til laga um vatnalög og rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, mál 720.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á þeim ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923, og laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er snúa að heimildum opinberra aðila til að veita tímabundinn afnotarétt að vatnsafls- og jarðhitaréttindum. Í lögum nr. 15/1923, 2 gr. er lagt til að í stað orðanna „65 ára í senn“ í 1. mgr. 4. mgr. komi: 40 ára frá því að auðlindanýting hefst. Í lögum nr. 57/1998, 3. gr. er lagt til að í stað orðanna „65 ára í senn“ í 3. mgr. komi: 30 ára frá því að auðlindanýting hefst.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur með öllu óeðlilegt að ekki skuli vera gert ráð fyrir sama nýtingartíma frá því að auðlindanýting hefst í báðum þessum lögum, þ.e. 40 árum. Það að hafa ekki sama nýtingartíma býður upp á mismunum og jafnvel brot á jafnræðisreglu. Þá er það mat sveitarstjórnar að vandséð sé að stytting á nýtingartíma auðlinda sé til nokkurra bóta til framtíðar lítið, heldur þvert á móti skapist sú hætta að ver verði um auðlindirnar gengið.

6. Erindi frá nefndarsviði alþingis, ósk um umsögn til sveitarstjórnarlaga, mál 726.

Frestað til næsta fundar.

7. Erindi frá Þórhalli Kristjánssyni.

Á fundi sveitarstjórnar 14. apríl var samþykkt umsögn Skipulags- og umhverfisnefndar þess efnis að stöðuleyfi fyrir starfsmannahúsi norðan Bjarkar færi í grenndarkynningu. Erindið hefur verið kynnt fyrir nágrönnum sem ekki gera athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdi.

Sveitarstjórn samþykkir hér með stöðuleyfi fyrir nefndu húsi.

8. Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Friðrik K. Jakobsson,
Jóhann Njálisdóttir.